

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Péturs W. Kristjánssonar.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Péturs W. Kristjánssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Reykjavík.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að halda minningu Péturs W. Kristjánssonar söngvara á lofti. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að veita árlega styrk úr minningarsjóðnum til sigurvegara í Músíktílaunum sem nemur allt að 1/10 hluta sjóðsins hverju sinni.

4. gr.

Stofnandi sjóðsins er:  
Íris W. Pétursdóttir, kt. 091080-3709.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum þ.e. formanni og 2 meðstjórnendum. Stjórnarmenn skulu kosnir til 4 ára í senn á aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir. Daglega umsjón sjóðsins annast formaður stjórnar.  
Firmaritun sjóðsins er í höndum allrar stjórnar.

6. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 sem var ágóði styrktartónleika sem haldnir voru á SPOT þann 7. janúar 2012. Aðrar tekjur hefur sjóðurinn ekki en framlög til hans eru öllum heimil.

8. gr.

Stjórnarstörf í sjóðnum eru ólaunuð og er enginn annar kostnaður við rekstur hans en úthlutun árlegra styrkja samkvæmt 3. gr.  
Verði rekstrarafgangur bætist hann við höfuðstól sjóðsins.

9. gr.

Ákvörðun um slit sjóðsins og breytingar á honum verður tekin á aðalfundi samkvæmt ákvörðun meirihluta stjórnar. Falli Músíktílaunir niður er stjórn heimilt að taka ákvörðun um árlegar styrkveitingar í sambærilegum tilgangi samkvæmt úhlutunarreglum sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 11. júní 2012.*

F.h. sýslumanns,

**Björn Ingi Óskarsson.**

---

*Auður Steingrímsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2012